

ÚTGÁFULÝSING

ÚTGÁFA SKULDABRÉFA Í KERFI VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS HF

1. kafli

Almennar upplýsingar um útgefanda:

1.1 Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.

Nafn útgefanda: Reykjavíkurborg

Kennitala: 530269-7609

Heimild til útgáfu: Á fundi borgarráðs þann 29. Mars 2012 var samþykkt á grundvelli samþykktar borgarstjórnar frá 6. desember 2011 um lántöku á árinu 2011 að gefa út og selja allt að 3.500.000.000 kr. í skuldabréfaútbóði.

Skuldabréfaflokkurinn er opinn með óákveðinni lokastærð.

Stofndagur: Reykjavíkurborg fékk kaupstaðarréttindi árið 1786

Aðsetur: Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

1.2 Nöfn og kennitölur forsvarsmanna útgefenda.

Borgarstjóri: Jón Gnarr, kt. 020167-3439

Fjármálastjóri: Birgir Björn Sigurjónsson, kt. 200249-2169

1.3 Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.

Útgefandi starfar skv. sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. kafli

Upplýsingar um útgáfuna:

2.1 Viðtakandi greiðslna og annarra upplýsinga hjá útgefanda sem varða útgáfuna, nafn/nöfn, kennit. og netfang.

Landsbanki Íslands er aðalviðskiptabanki Reykjavíkurborgar

2.2 Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda.

Auðkenni:

RVK 19 1

ISIN:

IS0000021608

Tegund bréfs:

Jafngreiðslubréf til 7 ára.

Heildarheimild samkv. samningi:	Borgarráð samþykkti skuldabréfaútgáfu á fundi þann 29. mars 2012 á grundvelli samþykktar borgarstjórnar frá 6.des 2011 um lántöku á árinu 2012 fyrir 3.500.000.000 kr. að nafnvirði. Flokkurinn er opinn og getur borgarstjórn veitt heimild til frekari stækkunar á skuldabréfaflokknum í framtíðinni.
Útgefið nú:	585.000.000 kr.
Nafnverðseiningar:	5.000.000 kr.
Útgáfudagur:	23. maí 2012
Lokagjalddagi:	23. maí 2019
Verðtrygging:	Neysluverðsvísitala – grunnildi 397,3733 stig, dagsvísitala þann 23.5.2012. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga höfuðstóls og vaxta og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalddaga. Höfuðstóll skuldarinnar er reiknaður út áður en vextir eru reiknaðir.
Nafnvextir:	1,95% fastir flatir ársvextir. Dagaregla er 30E/360. Vextir greiðast á 14 gjalddögum.
Fyrsti vaxtadagur:	23. maí 2012
Fyrsti gjalddagi vaxta:	23. nóvember 2012
Fjöldi gjalddaga á ári	23. nóvember og 23. maí
Gjaldmiðill:	ISK
Vanskil:	Ef ekki er tengdur bankareikningur við VS-reikning eiganda skuldabréfsins, sbr. 5. tl. 9. gr. reglugerðar nr. 397/2000 skal eigandinn snúa sér til útgefanda og framvísa viðeigandi eignarréttindum að skuldabréfinu til greiðslu. Framvísi eigandi eignarréttindum að skuldabréfi til greiðslu eftir gjalddaga, mun kröfuhafa hvorki verða greiddir vextir, verðbætur né dráttarvextir frá gjalddaga til framvísunardags.
	Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannarlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð.
	Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga höfuðstóls eða 30 dögum eftir að innheimtubréfi hafi verið framvísað til greiðslu, enda hafi skuldabréfaeigandi þá ekki fengið greitt, er skuldabréfaeiganda heimilt að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Sama gildir ef skuldari leitar nauðasamninga eða bú hans tekið til gjaldprotaskipta.
Framsal:	Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og er reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim. Eignaskráning rafréfa hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf., að undangenginni lokafærslu Verðbréfaskráningar Íslands hf. veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréf þessi.
Stimpilgjald:	Skuldari greiðir stimpilgjald og önnur gjöld er leiða að útgáfu bréfsins.
Ágreiningsmál:	Rísi mál út af skuldabréfi þessu má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

- Heimild:** Ákveðið og samþykkt á fundi borgarráðs Reykjavíkurborgar þann 29. mars 2012 á grundvelli samþykktar borgarstjórnar rá 6.des 2011 um lántöku á árinu 2012.
- Skráð í kauphöll:** Skuldabréfin verða skráð í Kauphöll.
- Breytingar á skilmálum:** Útgefanda ber að tilkynna Verðbréfaskráningu um hvers kyns breytingar á skilmálum skuldabréfaflokks.
- Afskráning:** Skuldabréfaflokkur verður afskráður sjö sólarhringum eftir lokagjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Verðbréfaskráningu um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Verðbréfaskráningu tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

Annað:

2.3 Hlunnindi sem tengd eru skuldabréfunum, útreikningar þeirra og nýting.

Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum

2.4 Skattur á tekjur af skuldabréfum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.

Útgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir

2.5 Verðbréfaskráning ráðstafar útgefnum skuldabréfum á reikning á kennitölu útgefanda í umsjón Verðbréfaskráningar.

2.6 Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útgefendur sem Verðbréfaskráning telur nauðsynlegar.

3. kafli

Upplýsingar um þá sem annast útgáfulýsingu og ábyrgjast endurskoðun ársreikninga:

3.1 Nöfn, kennitölur, netföng og sími þeirra sem annast útgáfulýsingu.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri, 411 1111,

birgir.bjorn.sigurjonsson@reykjavik.is

MP Banki hf. kt. 540502-2930.

3.2 Nöfn, kennitölur, netföng og sími löggiltra endurskoðenda útgefanda undanfarin þrjú ár.

Árin 2009-2011

Ólafur Gestsson

kt 060469-4669

olafur.gestsson@is.pwc.com

sími 5505300

Árið 2009

Guðmundur Snorrason

kt 070258-7579

gudmundur.snorrason@is.pwc.com

sími 5505300

4. kafli

Fylgigögn með útgáfulýsingu:

- 4.1** *Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útgefanda.*
Á ekki við
- 4.2** *Staðfesting á að útgefandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lútandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna.*
Vísað er til samþykktar borgarráðs þann 29.mars 2012 sem samþykkt var á grundvelli samþykktar borgarstjórnar 6.desember 2011 um lántöku á árinu 2012.
- 4.3** *Afrit af kvittun frá sýslumanni um að stimpilgjöld, þar sem við á, hafi verið greidd.*
Meðfylgjandi
- 4.4** *Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og afrit af samningi útgefanda við hann.*
MP banki
- 4.5** *Óski Verðbréfaskráning eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara um að félag sé ekki undir gjaldþrotaskiptum.*
Á ekki við
- 4.6** *Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Verðbréfaskráning telur nauðsynleg.*
Á ekki við

Reykjavík, 24. Maí 2012

F.h. útgefanda, Reykjavíkurborg

F.h. banka/verðbréfafyrirtækis, MP Banki